

Mál nr. 11/2020**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um greiðslu bóta vegna lögmanskostnaðar.****Gögn.**

Málskot mótttekið 13.01.2020 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Bréf V dags. 03.02.2020.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 19.02.2020.

Málsatvik.

Af málskoti og meðfylgjandi gögnum má ráða að M hafi, hinn 15. september 2017, verið farþegi um borð í ferju sem A rekur þegar ferjan rakst í skerjagarð með þeim afleiðingum að M fékk hnykk á bakið og rak sig í. Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að V hafi viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A vegna þessa atviks. Samkvæmt matsgerð sem M og V óskuðu sameiginlega eftir þótti ekki sýnt fram á að M hefði hlotið nokkurt tjón við slysið og því væri skilyrði um orsakatengsl milli atviksins og líkamlegra óþæginda M ekki uppfyllt. Í kjölfarið, eða hinn 15. apríl 2019, hafnaði V greiðslu á lögmanskostnaði M vegna málsins. Ágreiningur þessa máls snýr því að því hvort M eigi rétt á því að fá slíkan kostnað greiddan af hálfu V.

Í málskoti kveðst M gera kröfu um bætur vegna þessa kostnaðar, enda beri þeim sem ber ábyrgð á líkamstjóni m.a. að greiða tjónþola skaðabætur vegna annars fjártjóns, og falli lögmanskostnaður þar undir. Markmið skaðabóta sé að gera tjónþola eins settan fjárhagslega og ef bótaskyld atvik hefði ekki átt sér stað. Ljóst sé að M hafi þurft aðstoð lögmanns við kröfugerð sína, enda séu mál er varða líkamstjón flókin og vandséð hvernig M hefði getað rekið mál sitt sjálf án aðkomu lögmanns. Skipti þar ekki máli þó matsmenn hafi komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki hlotið varanleg mein við slysið. Þá hafi lögmaður komið að ýmsum verkum, eins og t.a.m. öflun læknisfræðilegra gagna í samráði við V. Er þess því krafist að viðurkenndur verði réttur M til bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna lögmanskostnaðar hennar.

Í bréfi V til nefndarinnar segir m.a. að félagið hafni kröfu M á grundvelli þess að þóknun lögmanns sem gerð sé upp á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993 taki mið af heildarhagsmunum í hverju máli. Í tilviki M liggja fyrir að varanlegar afleiðingar af slysinu séu engar og því komi greiðsla bóta ekki til álita. Löng venja sé fyrir því að þóknun byggji á þeim hagsmunum sem séu til staðar í málum sem þessum, þar sem ekki hafi komið til bótagreiðslu vegna líkamstjóns geti ekki komið til greiðslu hagsmunatengdrar lögmansþóknunar. Þá tekur V fram að M hafi haft sjálfðæmi um það hvaða lögmanns hún leitaði til, og t.a.m. hefði henni verið unnt að leita til lögmanns sem miði þóknun við hagsmuni þá sem mál varða. Er kröfu M því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M þá afstöðu sína að hún hafi haft mikla hagsmuni af því að kanna bótarétt sinn og til þess hafi verið nauðsynlegt að fá aðstoð lögmanns. Þá lýsir M þeirri afstöðu sinni að lögmansþjónusta sé afar persónulegs eðlis og að það væri óeðlilegt ef vátryggingafélög gætu skikkað tjónþola til að leita ódýrustu þjónustu í boði hverju sinni. Ítrekar M því kröfu sína.

Álit:

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum vegna lögmanskostnaðar, en í málinu liggur fyrir afrit af reikningi frá lögmansstofu til M. Fallist er á það með M að lögmanskostnaður geti verið hluti annars fjártjóns sem þeim sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni beri að greiða samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Fyrir nefndinni liggur tímaskýrsla lögmanns M svo og eins og áður segir reikningur lögmanns að fjárhæð kr. 333.405 kr. Ekki liggur þó fyrir að M hafi greitt umrædda þóknun og þar með er ekki að fullu ljóst hvort tjón hennar vegna þessa kostnaðar hefur raungerst. Þá verður að líta til þess að samkvæmt matsgerð sem fyrir liggur í málinu varð M hvorki fyrir tímabundnum né varanlegum afleiðingum vegna umrædds atviks og kom því ekki til greiðslu bóta vegna þess. Löng venja er fyrir því að sá sem ber skaðabótaábyrgð á tjóni greiði

bætur vegna lögmannsbóknunar þannig að fjártjón tjónþola byggist á því sem hann þurfi að greiða lögmanni vegna hagsmunatengdrar bóknunar. Hefð er fyrir því að lögmannsbóknun sé hagsmunatengd í málum sem varða uppgjör á grundvelli skaðabótalaga og eins og málið er lagt fyrir nefndina verður ekki séð að gjaldskrá lögmannsins sem M leitaði til sé frábrugðin hvað það varðar eða rök séu til að víkja frá þeirri hefð. Þannig hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni vegna greiðslu lögmannskostnaðar og er það afstaða nefndarinnar að slíkar bætur komi ekki til álita.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna lögmannskostnaðar úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 19. mars 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.